



Reykjavík, 4. desember 2024

VEL24100015

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn velferðarráðs um breytingar á beingreiðslusamningum í NPA samninga

Þann 3. október 2024 lagði velferðarráð fram svohljóðandi fyrirspurn um breytingar á beingreiðslusamningum í NPA samninga:

Velferðarráð óskar eftir að fá upplýsingar um annars vegar hve margir af þeim 38 einstaklingum sem eru með beingreiðslusamning eru með umsókn um NPA samning og hins vegar hvað er því til fyrirstöðu að breyta þeim beingreiðslusamningum í NPA samninga. Einnig óskar velferðarráð eftir að fá tillögu um að breyta þeim beingreiðslusamningum sem metnir eru í forgangi í NPA samninga.

Svar:

Þann 1. nóvember 2024 voru 32 einstaklingar með þjónustu í formi beingreiðslusamnings og þar af eiga fimm umsókn um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Eftir síðustu úthlutun NPA samninga 1. nóvember 2024 þar sem tveir einstaklingar með beingreiðslusamninga fengu úthlutað NPA samningi eru ekki fleiri notendur með beingreiðslusamninga sem eru metnir í forgangi til að hljóta NPA samning umfram aðra á bið eftir NPA. Að því sögðu eru tveir af þessum fimm sem kæmu til sérstakrar skoðunar við næstu úthlutun NPA. Við úthlutun NPA samninga er horft til heildaraðstæðna umsækjenda á úthlutunardegi. Forgangsröðun tekur meðal annars mið af núverandi þjónustu, möguleika á samfélagsþátttöku og biðtíma.

Beingreiðslusamningarnir grundvallast á 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Kveðið er á um NPA í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Heildarkostnaður vegna framangreindra fimm beingreiðslusamninga er 56 m.kr. á ári. Miðað við núverandi kostnaðarforsendur í beingreiðslusamningum og NPA samningum myndi kosta 160 m.kr. að breyta þessum beingreiðslusamningum í NPA samninga að teknu tilliti til 25% mótframlags ríkisins. Án mótframlags ríkisins verður kostnaður 232 m.kr. á ársgrundvelli.

Þrátt fyrir að beingreiðslusamningar og NPA samningar flokkist bæði sem notendasamningar þá eru þetta ólík þjónustuform á margan hátt. Fjárhæð sem greidd er vegna beingreiðslusamninga er reiknuð samkvæmt þeim kostnaðarforsendum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem liggja að baki þjónustu sem annars væri veitt af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í formi stuðnings- og stoðþjónustu. Í reglum um beingreiðslusamninga er kveðið á um hámarkstímafjölda, 248 klst. á mánuði. Í NPA samningum er greiddur umsýslu- og starfsmannakostnaður, 15% af heildarkostnaði



Reykjavík



samnings. Í nógildandi reglum um NPA er ekki þak á tímafjölda í samningum og notendur eiga kost á sólarhringsþjónustu séu þau metin í þörf fyrir slíka þjónustu.

Að framangreindu virtu er ljóst að ef nógildandi beingreiðslusamningum er breytt í NPA samninga mun það leiða til kostnaðarauka að minnsta kosti 160 m.kr. Þeir tveir einstaklingar sem eru í forgangi munu koma til álita við næstu úthlutun NPA samninga. Hinir þrír eru aftar í forgangsröðinni en margir af þeim sem nú bíða eftir NPA samningi. Það eru því faglegar forsendur sem ganga gegn því að breyta þessum fimm beingreiðslusamningum í NPA samninga.

